

þessi heilaga stofnun, er bæði væri erkibiskupunum og þeim háskólagengnu svo velþóknanleg, væri í eðli sínu ómissandi og fyrir öllu, þó ekki fyrir þetta líf, þá að minnsta kosti fyrir hið tilkomanda.

Þýðing sú, er hér fer á undan, er brot úr sögunni „Upprisan“ eftir Tolstoy greifa. Sú saga er talin stórfenglegust allra sagna hans, og hefir hann þó margar ritað, er snert hafa almenn mál, og það jafnan hlutdrægnislaust, eins og þau hafa komið honum fyrir sjónir. Enda er það hvað merkilegast við þetta gamla mikilmenni, að hann segir aldrei öðruvísi frá. Þessvegna hefir hann og fengið marga óvini, því það er sjaldnast selt dýrt, að hatast við menn og það fyrir litlar sakir. En þrátt fyrir alla hatursmenn hans og ofsóknara hefir honum aukist virðing að maklegleikum, unz að nú er komið svo, að hann einn ægir kúguninni og harðstjórnarvaldinu á Rússlandi svo, að það þorir ekki að snerta hann sínum minnsta fingri. Hann segir þar öllum til syndanna, háum og lágum, og þeim fer, eins og víða þekktist til annarsstaðar, þeir reyna að þegja alt fram af sér, en koma honum í óvinsældir og fyrirrlitningu. „Metropolitaninn“ í Moskow lagði á hann bann kyrkjunnar (það var um sama leyti og síra Hafsteinn fór heim), og nokkrar undirtyllur biskupsins hafa breitt það út síðan, að hann væri ekki allsgáður.

Af því vér vitum, að margir Íslendingar hafa heyrt Tolstoys getið, og hafa þegar lesið margt eftir hann, en hafa frekar gjört sér hugmynd um hann sem óákveðinn og „óháðann“ frelsisglamrara, en að hann væri sannarlegur umbótamaður, eins og hann er, þá kom oss til hugar, að þeim myndi þykja gaman, að lesa þetta brot úr „Upprisunni“, þótt það taki ekki breiðara yfir. Það sýnir að minnsta kosti það, að hann álitur ekki skyldu sína, að þegja frekar yfir því, sem aflaga fer innan kirkju en utan. Enda virðist það eitthvað ömurleg skoðun. Hleypidómarnir og hræsnin eiga engan meiri rétt á sér fyrir altarinu en í réttarsalnum. Hvortveggja eiga að vera helgir staðir, þar sem þeim býsnum tveim sé byggt út.

Það er að ætlun vorri, að ekki muni öllum geðjast að sögukaffa þessum, en það sé þá huggun þeirra, að hann er eftir Tolstoy og um kyrkjuna í Rússlandi.